



FRAMKVÆMDASÝSLA RÍKISINS

EMBÆTTI LANDLÆKNIS LEIGUHÚSNÆÐI

SKILAGREIN

APRÍL 2012



EFNISYFIRLIT

ALMENNT UM SKILAGREINAR	3
1 UPPHAF VERKEFNIS	3
2 HÚSRÝMISÁÆTLUN	4
3 TILBOÐ Í LEIGUHÚSNÆÐI	4
4 LEIGUSAMNINGUR	4
5 TENGILIÐIR OG SAMSKIPTI	5
6 HÖNNUÐIR OG EFTIRLIT	5
7 BYGGINGARFRAMKVÆMDIR	5
8 VERKLOK	5
9 STAÐFESTING SKILAGREINAR	5

ALMENNT UM SKILAGREINAR

Í 16. grein laga nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda er ákvæði um gerð skilamats. Þar segir: „Að lokinni verklegri framkvæmd og úttekt skal fara fram skilamat. Í matinu skal gerð grein fyrir því hvernig framkvæmd hefur tekist miðað við áætlun. Enn fremur skal þar gerður samanburður við hliðstæðar framkvæmdir sem þegar hafa verið metnar.“ Þá er í sömu grein kveðið á um að Framkvæmdasýsla ríkisins skuli setja nánari reglur um fyrirkomulag skilamats.

Í 7. grein reglugerðar nr. 715/2001 um skipulag opinberra framkvæmda segir að Framkvæmdasýsla ríkisins sjái um gerð skilamats og setji reglur um fyrirkomulag þess sem fjármálaráðherra staðfestir.

Þann 21. september 2001 gaf Framkvæmdasýsla ríkisins út reglur um fyrirkomulag skilamats, staðfestar af fjármálaráðherra. Í 3. grein þeirra segir: “**Við minniháttar verk eða framkvæmdir sem hafa lítið samanburðar- eða upplýsingagildi er heimilt að einfalda umfjölun í skilamati**”. Þegar þessi háttur er hafður á er skýrslan nefnd “**skilagrein**” til afmörkunar frá skilamati.

Það sem að framan er ritað gildir um uppgjör á **verklegum framkvæmdum**. Ýmis verkefni sem Framkvæmdasýslan tekur að sér fyrir ráðuneyti og stofnanir teljast ekki til verklegra framkvæmda, heldur er um að ræða almenna ráðgjöf og þjónustu, eins og til dæmis við **öflun leiguhúsnæðis**. Í slíkum tilvikum hentar ekki hefðbundin uppsetning skilagreinar, heldur er notuð önnur einfaldari framsetning.

Hér fer á eftir skilagrein vegna öflunar á leigu- húsnæði.

1 UPPHAF VERKEFNIS

Verkefnið **Embætti landlæknis**, leiguhúsnæði, var unnið að beiðni heilbrigðisráðuneytisins og barst FSR í mars 2010.

Verkefnið fólst í að afla húsnæðis fyrir nýja stofnun sem var í burðarliðnum en í henni sameinast tvær stofnanir, Landlæknisembættið og Lýðheilsustöð.

Nafn nýrrar stofnunar er Embætti landlæknis.



Heilsuverndarstöðin á Barónsstíg.

Embætti landlæknis starfar samkvæmt lögum nr. 28/2011 sem gengu í gildi 1. maí 2011 og þá var starfsemi Lýðheilsustöðvar felld undir embættið. Með lögnum fékk embætti landlæknis víðtækari verkefni en áður og eru nú öll verkefni á sviði forvarna, heilsuefingar og lýðheilsu á ábyrgð embættisins.

Meginhlutverk embættisins samkvæmt hinum nýju lögum er fjórþætt: Ráðgjöf, fræðsla, eftirlit og upplýsingasöfnun.

Í lögum nr. 28/2011 eru hlutverk embættisins talin upp og eru þessi þau helstu

- Að veita ráðherra og öðrum stjórnvöldum, fagfólki og almennungi ráðgjöf og fræðslu.
- Að annast forvarna- og heilsuefingarverkefni.
- Að efla lýðheilsustarf og meta reglulega árangur af því starfi.
- Að vinna að gæðaþróun.
- Að hafa eftirlit með heilbrigðisþjónustu og heilbrigðisstarfsfólki.
- Að hafa eftirlit með lyfjaávisunum og fylgjast með lyfjanotkun landsmanna.
- Að veita starfsleyfi til löggiltra heilbrigðisstétta.
- Að sinna kvörtunum almennings vegna heilbrigðisþjónustu.
- Að bera ábyrgð á framkvæmd sóttvarna, sbr. sóttvarnalög.
- Að safna og vinna upplýsingar um heilsufar og heilbrigðisþjónustu.
- Að stuðla að því að menntun heilbrigðisstarfsmanna sé í samræmi við kröfur á hverjum tíma og styðja við menntun á sviði lýðheilsu.
- Að stuðla að rannsóknum á starfssviðum embættisins.



Móttaka.

Verkefni FSR fólst í að gera þarfagreiningu fyrir starfseminna, vinna húslýsingu, auglýsa eftir húsnæði, gerð leigusamningsins og hafa eftirlit með framkvæmdum við húsnæðið í samræmi við kröfur í húslýsingu.

Verkefnisstjórar hjá FSR á verkefninu voru Jón Ásbjörnssonar og Róbert Jónsson.

2 HÚSRÝMISÁÆTLUN

Unnin var þarfagreining og húslýsing fyrir væntanlega stofnun í samvinnu við starfsfólk Lýðheilsustöðvar, Landlæknisembættisins og viðkomandi ráðuneyti.

Þarfagreiningin var tilbúin í apríl og strax í kjölfarið var unnin húslýsing ásamt rýmisáætlun. Í rýmisáætluninni er gert ráð fyrir að fastir starfsmenn verði 61 og að auki megi koma fyrir 5 námsmönnum til tímabundinnar dvalar.



Gangur.

Samkvæmt rýmisáætlun var gert ráð fyrir að stærð húsnæðisins þyrfti að vera um 1.620 fermetrar.

Miðað var við að staðsetning starfseminnar væri á höfuðborgarsvæðinu.

3 TILBOÐ Í LEIGUHÚSNÆÐI

Húslýsing fyrir húsnæðið var tilbúin í apríl 2010 og í framhaldinu auglýsti Ríkiskaup eftir húsnæði fyrir hina nýju sameinuðu stofnun.

Leigutilboð voru opnuð í maí 2010 og bárust 11 tilboð.

Í september 2010 var samþykkt að ganga til samninga við Álftavatn ehf. um leigu á húsnæði í Heilsuverndarstöðinni við Barónsstíg 47 í Reykjavík.



Skrifstofa.

Við tók hönnun húsnæðis í samstarfi starfsmanna Lýðheilsustöðvar, Landlæknisembættisins og FSR og var skrifað undir húsaleigusamning í júní 2011. Alls voru haldnir 18 vinnufundnir, þar af 2 úttektarfundir.

Tekið er á leigu 41,5% af heildarhúsnæði Heilsuverndarstöðvarinnar þar af er um að ræða hluti af kjallara, 1. hæð, 2. hæð, 3. hæð og 4. hæð.

4 LEIGUSAMNINGUR

FSR annaðist gerð leigusamningsins, fyrir húsnæðið, í samvinnu við starfsfólk Álftavatns ehf. og starfsfólk hinnar nýju stofnunar. Fjármálaráðuneytið hafði umsjón með gerð samningsins.



Stigi.

Samningurinn er á milli Álftavatns ehf. og Embættis landlæknis. Hann var undirritaður í júní 2011 og staðfestur af velferðarráðuneyti og fjármálaráðuneyti. Gildir samningurinn til 15 ára með möguleika á framleiðu um allt að 5 ár í senn að leigutíma loknum.

Hinn leigði eignarhluti er alls 1.823,3 fermetrar þar af er um að ræða 1.702,3 fermetra séreign og 121 fermetra sameign. Í samningi var gert ráð fyrir að afhending húsnæðis yrði í júní 2011.

5 TENGILIÐIR OG SAMSKIPTI

Til að annast samskipti milli leigusala og leigjanda, á framkvæmdatíma, voru tilnefndir Þorsteinn Steingrímsson f.h. Álftavatns ehf. og fyrir hönd leigjanda var tilnefndur Róbert Jónsson, verkefnastjóri hjá FSR. Einnig tóku þeir Þórarinn Gunnarsson og Jóhann Halldórsson, starfsmenn embættisins og Jón H. Ásbjörnsson hjá FSR, þátt vinnunnar meðan á verkefninu stóð.



Eldhús.

Haldnir voru alls 18 fundir meðan á verkefninu stóð þar af 3 undirbúningsfundur, 13 vinnufundir og 2 úttektarfundir á framkvæmdatímabilinu.

6 HÖNNUÐIR OG EFTIRLIT

Ýmsir hönnuðir komu að verkefninu en þeirra helstir voru Arkís ehf., arkitektar og ráðgjöf og VSI, öryggisráðgjöf og hönnun.

Eftirlit með framkvæmdum hafði Þorsteinn Steingrímsson, fyrir hönd leigusala og fyrir hönd leigjanda önnuðust eftirlit Jón H. Ásbjörnsson og Róbert Jónsson, FSR, en einnig komu þeir Þórarinn Gunnarsson og Jóhann Halldórsson að verkefninu.



7 BYGGINGARFRAMKVÆMDIR

EKKI voru framkvæmdar miklar breytingar á húsnæðinu þar sem húsið er friðað og ekki eru leyfðar miklar breytingar. Þó þurfti að bæta öryggismál húsnæðisins og breyta innréttingum m.v. þá starfsemi sem fer fram í húsnæðinu.

8 VERKLOK

Embætti landlæknis tók við húsnæðinu í júní 2011. Þá voru eftir nokkrir þættir sem þurfti að lagfæra og sáu starfsmenn Embættis landlæknis um að fylgja því eftir að það yrði gert.

9 STAÐFESTING SKILAGREINAR

Undirritaður staðfestir hér með framanritaða skilagreina fyrir hönd Framkvæmdasýslu ríkisins.



Óskar Valdimarsson, forstjóri